



Jafnréttisstofa

Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2003

Jafnréttisstofa : Hvannavöllum 14 : 600 Akureyri
Sími 460 6200 : bréfsími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	3
Hlutverk og skipulag	4
Starfið 2003	5
Helstu áherslumál ársins	5
Ráðgjöf og upplýsingar.....	5
Skýrslur og umsagnir	6
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.....	6
CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).....	6
ILO – Alþjóðavinnuumálastofnunin	6
Aðrar skýrslur	7
Umsagnir.....	7
Nefndir og vinnuhópar	7
Jafnréttisráðgjafar í Suður- og Norðausturkjördæmi	7
Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	8
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is	8
EES og EFTA	8
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	8
Málþing og opnir fundir.....	8
Jafnréttisþing 2003	8
Í kjölfar Alþingiskosninga 2003 – Málþing um lýðræði, kynja og byggðasjónarmið, 23. maí í Háskólanum á Akureyri	10
Blaðamannafundur - Opnun heimasíðu verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja.....	11
Námskeið	11
Jafnt er betra.....	11
Jafnt er meira.....	11
Námskeið um samþættingu.....	11
Verkefni	12
Menning, umgjörð og umhyggja.....	12
Konur kveðja, karlar eru um kyrrt	12
Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði.....	13
Útgáfa og vefsíða	13
Ársskýrsla	13
www.jafnretti.is.....	13
Upplýsingabæklingur.....	13
Kynningar í fjölmiðlum	13
Átak gegn verslun með konur - kemur öllum við	13
Vera.....	14
VR-blaðið 2.tbl. 2003	14
Fræðslufundir og haldin erindi.....	14
Heimsóknir á Jafnréttisstofu	14
Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu	14
Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra.....	15

Ráðstefnur og fundir erlendis.....	16
The Third Baltic Sea Women's Conference on Women and Democracy.....	16
Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna	17
Norrænt samstarf.....	17
ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál	17
Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna	17
Nefnd um karla og jafnréttismál	17
Jafnlaunanefnd	18
Nefnd um kynjaða hagstjórn.....	18
NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum.....	18
Umboðsmenn jafnréttis.....	18
Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.....	19
Nefnd um jafnréttismál	19
Samstarf gegn verslun með konur.....	19
Evrópskt samstarf.....	19
Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.....	19
Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál	19
Frankvæmdanefnd ESB um jafnréttismál.....	20
EFTA samráðshópur um jafnréttismál.....	20
Daphne verkefnaáætlun ESB	20
Jafnréttisráð.....	20
Kærunefnd jafnréttismála.....	21

Formáli

Árið 2003 var viðburðaríkt ár hjá Jafnréttisstofu. Á starfsárinu urðu miklar breytingar á starfsfólki stofunnar. Um mitt ár hætti Valgerður H. Bjarnadóttir sem framkvæmdastýra og við starfinu tók tímabundið Ingibjörg Broddadóttir, deildastjóri í félagsmálaráðuneytinu. Frá og með 1. nóvember 2003 var undirrituð ráðin sem framkvæmdastjóri stofunnar. Ofangreindar breytingar höfðu mikil áhrif á starfsemi Jafnréttisstofu. Þrátt fyrir þetta fjölgaði beinum og óbeinum erindum sem bárust til stofunnar.

Fyrri hluti ársins var að mörgu leyti hefðbundinn hvað verkefni stofunnar varðar. Undir lok ársins var megin áhersla lögð á gerð nýrrar áætlunar ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál. Samkvæmt lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Jafnréttisstofa leiddi þessa vinnu í upphafi í nánú samstarfi við félagsmálaráðuneytið, jafnréttisfulltrúa ráðuneyta og fleiri aðila. Einnig var á árinu 2003 hafinn undirbúningur vegna formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2004, en á þeim vettvangi er unnið öflugt jafnréttisstarf.

Í þessari ársskýrslu er að finna stutt yfirlit yfir öll helstu verkefni Jafnréttisstofu árið 2003. Af eðlilegum ástæðum er ekki unnt að gera grein fyrir öllum þeim mikilvægu málum sem stofan sinnir í þágu ýmissa aðila sem telja á sér brotið vegna kyns þeirra. Ekki er heldur hægt að gera tæmandi grein fyrir daglegri ráðgjöf sem veitt er til opinberra aðila og fyrirtækja um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi þeirra.

Þegar um jafnréttismál er að ræða er stöðug umræða og umfjöllun á sem flestum stöðum mjög mikilvæg. Árið 2003 voru í fjölmiðlum miklar umræður um jafnréttismál, en þar var m.a. Feministafélag Íslands mjög áberandi. Alþingiskosningar voru árið 2003 og í kringum þær spunnust fjörugar umræður um jafnréttismál. Aukin umræða um jafnréttismál á árinu hefur án efa haft áhrif til aukningar á fjölda erinda sem stofnunni bárust.

Í baráttu kynjanna til jafnréttis valda fjöldamörg svið starfsfólki Jafnréttisstofu áhyggjum. Þetta eru málefni eins og launamunur kynjanna, skipting ábyrgðar innan fjölskyldna, hlutur kvenna í ákvarðanatöku, málefni feðra, ofbeldi gegn konum og margt fleira.

Eins og sjá má í þessari skýrslu vinnur Jafnréttisstofa að margvíslegum verkefnum sem miða m.a. að því að auka fræðslu og umræðu um jafnréttismál í samfélaginu. Með starfi sínu vill Jafnréttisstofa leggja sitt af mörkum til þess að ná því markmiði að jafnrétti náist á öllum sviðum samfélagsins.

Akureyri í ágúst 2004
Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.

Hlutverk og skipulag

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Hún tók formlega til starfa 15. september 2000 og er til húsa að Hvannavöllum 14 á Akureyri.

Talsverðar breytingar urðu á starfsfólki Jafnréttisstofu árið 2003. Valgerður H. Bjarnadóttir lét af störfum sem framkvæmdastýra um mitt ár og Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, var skipuð í starfið tímabundið. Auglýst var eftir nýjum framkvæmdastjóra á haustdögum og Margrét María Sigurðardóttir, sem áður gegndi starfi lögfræðings á Jafnréttisstofu, var skipuð í starfið 1. nóvember.

María Axfjörð hóf störf sem skrifstofustjóri Jafnréttisstofu 1. maí 2003. Kristín Kjartansdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri Evrópuverkefninsins *Mening, umgörd, umhyggja*, um mitt ár og var Elín Antonsdóttir ráðin í hennar stað.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur lét af störfum á haustdögum 2003 og Ingunn Helga Bjarnadóttir var ráðin í hennar stað. Silja Bára Ómarsdóttir var ráðin sem verkefnisstjóri vegna framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og annarra tilfallandi verkefna.

Aðrir starfsmenn Jafnréttisstofu árið 2003 voru Anna Hallgrímsdóttir rekstrarstjóri, Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur og Kristján Jósteinsson sérfræðingur.

Í samræmi við jafnréttislögin hefur Jafnréttisstofa m.a. eftirfarandi verkefni með höndum að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnanna og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram í lögum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita Kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar, sem samþykkt var í ársbyrjun 2003.

Starfið 2003

Helstu áherslumál ársins

Sem fyrr var eitt af helstu áherslumálum ársins 2003 að auka umræðu og fræðslu um jafnréttismál. Stærsta verkefni stofunnar hvað þetta varðar var svokallað Jafnréttisþing sem haldið var þann 7. apríl. Þingið var skipulagt í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð og var haldið í Ketilhúsinu á Akureyri. Tilgangur þinghaldsins var að líta á stöðu kynjanna í fortíð og nútíð með það fyrir augum að leggja línurnar fyrir framtíðaráherslur. Þá var einnig lögð áhersla á að virkja stjórnmalafólk í umræðuna um stöðu kynjanna því framundan voru þingkosningar. Um 100 manns sóttu þingið og þar á meðal var nokkur fjöldi stjórnenda samfélagsins; ráðherrar, alþingismenn og stjórnendur sveitarfélaga, ásamt gömlu og nýju baráttufólki fyrir jafnrétti kynjanna.

Jafnréttisstofa hafði á árinu umsjón með viðamiklu Evrópuverkefni sem hafði titilinn *Culture, custom and caring – men's and women's possibilities to parental leave* eða *Menning, umgjörð og umhyggja – möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs*. Erlendir samstarfsaðilar voru stofnanir í Þýskalandi, Spáni og Noregi. Tilgangur verkefnisins var að skoða samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla til að vinna saman að uppeldi barna sinna. Gerðar voru viðtalsrannsóknir í öllum samstarfslöndum og rannsóknarskýrsla var unnin af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Einnig var unnin sjónvarpsmynd um möguleika og aðstæður foreldra í fæðingarorlofi í öllum þátttökulöndunum. Fyrirtækið Samver hf. sá um gerð myndarinnar. Þar sem verkefnið var mjög umfangsmikið var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri til að annast það. Kristín Kjartansdóttir var verkefnisstjóri fram á mitt árið 2003 en þá tók Elín Antonsdóttir við.

Seinni hluta ársins 2003 hófst undirbúningur vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Innan Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið öflugt jafnréttisstarf sem hefur umtalsverð áhrif á jafnréttisstarf á Norðurlöndunum. Ísland mun í formennskutíð sinni leggja áherslu á að vinna gegn launamun kynjanna og að könnun verði gerð á reynslu norræna foreldra af töku fæðingarorlofs, einkum með tilliti til fæðingarorlofs feðra, en á þessu sviði hefur Ísland mikla sérstöðu á Norðurlöndunum. Einnig verður þess sérstaklega minnst að 30 ár verða liðin frá því að norræn ráðherranefnd á sviði jafnréttismála var stofnuð. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu þessu tengt á árinu ásamt fleiri atburðum.

Ráðgjöf og upplýsingar

Til Jafnréttisstofu geta einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf um málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Þeim sem nota þessa þjónustu fjölgar í hlutfalli við aukna vitund þjóðarinnar um jafnréttismál og vitund um þessa þjónustu Jafnréttisstofu.

Einstaklingsmál voru áberandi meðal þeirra mála sem stofunni bárust árið 2003. Stofan veitir er beina ráðgjöf bæði félagslega og lagalega. Jafnréttisstofa hefur markað

sér þá stefnu að reyna ávallt að leysa málin með ráðgjöf um réttarstöðu þeirra einstaklinga eða hópa sem sjálfir vilja vinna að því að fá úrlausn sinna mála. Oft tekur stofan þó að sér að ræða við eða eiga bréfaskipti við það fyrirtæki eða þá stofnun sem talin er hafa brotið gegn viðkomandi einstaklingi eða hópi á grundvelli laganna. Í flestum tilvikum leysast málin á þennan hátt, en ef ekki eða ef viðkomandi einstaklingur eða hópur telur mikilvægt að fá álit kærunefndar, þá aðstoðar stofan við undirbúning kæru.

Sem fyrr leita mun fleiri konur en karlar eftir ráðgjöf hjá Jafnréttisstofu, bæði vegna almennra erinda og meintrar mismunar. Greina má töluverða aukningu á fjölda erinda sem berast stofunni milli ára og eflaust má þakka það að Jafnréttisstofa hefur fest sig í sessi sem stjórnsýslu og ráðgjafaraðili um málefni er varðar jafnrétti kynjanna.

Eins og undanfarin ár leituðu nokkur fyrirtæki og stofnanir aðstoðar stofunnar við gerð jafnréttisáætlana. Einnig leituðu fulltrúar sveitarfélaga ráðgjafar og upplýsinga um ýmis mál er lúta að jafnrétti kynjanna.

Fjöldi símtala og tölvuskeyta berast, þar sem einfaldlega er spurt um hvar og hjá hverjum má nálgast þekkingu á hinum ýmsu sviðum jafnréttismála. Oft getur starfsfólk stofunnar svarað beint, en stundum er vísað í rit eða á aðra aðila sem dýpri þekkingu hafa á málefnum.

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna
Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Á árinu 2003 hófst undirbúningur að nýrri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Þann 8. desember átti starfsfólk Jafnréttisstofu fund með jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Á fundinum var farið yfir hugmyndir stofunnar um yfirmarkmið nýrrar áætlunar, helstu verkefni hvers ráðuneytis fyrir sig og rætt um framsetningu áætlunarinnar.

CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).

Ísland er aðili að CEDAW-samningnum, og ber að gera sérfræðinganefnd sem sér fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna um eftirfylgni samningsins, grein fyrir stöðu jafnréttismála í landinu á fjögurra ára fresti. Haustið 2002 hófst undirbúningur fyrir 5. skýrslu Íslands til CEDAW-nefndarinnar. Skýrslan var tilbúin í upphafi árs 2003.

ILO – Alþjóðavinnuáætlunin

Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóða vinnuáætluninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem m.a.

er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Árið 2003 var óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Opinberar aðgerðir sem miða að því að draga úr kynbundnum launamun.
2. Tölfræðilegar upplýsingar um kynbundin launamun.
3. Áætlun ríkisstjórnarinnar í samvinnu við samtök opinberra starfsmanna um tillögur sem hafa verið settar fram til þess að minnka kynbundinn launamun.
4. Upplýsingum um aðgerðir til á draga úr kynjaskiptingu vinnumarkaðarins.
5. Upplýsingum um dómsúrskurði varðandi grundvallaratriði í sáttmála ILO
6. Upplýsingar um starfsemi kærunefndar jafnréttismála.

Jafnréttisstofa vann þessar upplýsingar og skilaði skýrslu í samvinnu við félagsmálaráðuneytið.

Aðrar skýrslur

Jafnréttisstofa tók saman upplýsingar fyrir félagsmálaráðuneytið vegna skýrslu til sérfræðinefndar sem starfar á vegum félagsmálasáttmála Evrópu.

Umsagnir

Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2003:

- Mál nr. 132* Þingsályktun um réttarstöðu samkynhneigðs fólks.
Mál nr. 50 Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Úrskurðir kærunefndar.
Mál nr. 150 Frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur.
Mál nr. 15 Þingsályktun um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna.
Mál nr. 13 Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Orlofslau.
Mál nr. 38 Frumvarp til almennra hegningarlaga. Vændi.
Mál nr. 10 Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög. Brottvísun og heimsóknarbann.
Mál nr. 47 Þingsályktunartillaga um stöðu hjóna og sambúðarfólks.
Mál nr 307 Frumvarp til laga um réttndi og skyldur starfsmanna ríkisins. Uppsögn.

Nefndir og vinnuhópar

Jafnréttisráðgjafar í Suður- og Norðausturkjördæmi

Árið 2003 voru starfandi jafnréttisráðgjafar á vegum félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar í Suður- og Norðausturkjördæmum. Þetta verkefni mun standa til ársins 2005. Margrét María Sigurðardóttir átti sæti í ráðgjafarnefnd vegna verkefnisins árið 2003.

Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Í samráðshóp um jafnréttismál sveitarfélaga er fulltrúi frá Jafnréttisstofu, fulltrúi frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga, Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt þeim jafnréttisráðgjöfum sem eru starfandi hjá sveitarfélögum. Þessi sveitarfélög eru Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Reykjavík. Meginhlutverk hópans er að undirbúa Landsfundi jafnréttisnefnda einu sinni á ári, í samvinnu við Jafnréttisstofu og það sveitarfélag sem heldur fundinn. Einnig hefur hópurinn það hlutverk að efla samband og upplýsingaflæði m.a. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, og að gera jafnréttismál sýnilegri innan sveitarfélaganna. Fulltrúi Jafnréttisstofu í hópnum er Kristján Jósteynsson, sérfræðingur. Þrjár fundir voru haldnir á árinu 2003.

Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um gerð kvennagagnabanka. Kvennagagnabankinn www.kvennaslodir.is varð aðgengilegur á netinu árið 2003. Bankinn hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega, þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið hæfar konur til margvíslegra starfa á fljótvirkan hátt. Fulltrúi Jafnréttisstofu í stjórn verkefnisins árið 2003 var Katrín Björg Ríkarðsdóttir.

EES og EFTA

Jafnréttisstofa á fulltrúa í Samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins um EES og Sérfræðingahópi IV. undirnefndar EFTA. Valgerður H. Bjarnadóttir var fulltrúi stofunnar í þessum nefndum fyrri hluta ársins 2003. Margrét María Sigurðardóttir tók við í nóvember 2003.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands og á Kristján Jósteynsson sérfræðingur sæti í stjórn skrifstofunnar fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Málþing og opnir fundir

Jafnréttisþing 2003

Jafnréttisstofa í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð stóð fyrir Jafnréttisþingi þann 7. apríl 2003. Þingið var haldið í Ketilhúsinu á Akureyri. Markmiðið með þinginu var að draga upp sem heildstæðasta mynd af því mikla jafnréttisstarfi sem unnið er á Íslandi á vegum hins opinbera, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga. Þá var einnig lögð áhersla á að virkja stjórnmalafólk í umræðuna um stöðu kynjanna því framundan voru þingkosningar í maí.

Þingstjórar voru Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Elín R. Líndal formaður Jafnréttisráðs. Félagsmálaráðherra Páll Pétursson flutti opunarávarp á þinginu.

Aðalfyrirlesarar voru fjórir. Anne Havnør sérfræðingur í norska barna- og fjölskylduráðuneytinu og formaður norræns vinnuhóps um kynjaða fjárhagsáætlanagerð, fjallaði um kynjaða fjárhagsáætlanagerð, *gender budgeting*, en það hugtak hefur verið útvíkkað hérlendis svo það nái einnig til alls ferlisins í kringum fjárhagsáætlanagerðina og verið kallað kynjuð hagstjórn. Jørgen Lorentzen sérfræðingur í karlamálum við Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Óslóarháskóla, fjallaði um stöðu karla á Norðurlöndunum og mikilvægi þess að þeir taki þátt í jafnréttisbaráttu kynjanna og kannist við að eiga vandamálið t.d. varðandi ofbeldi. Ungfeministarnir Kristbjörg Kristjánsdóttir og Hólmfríður Anna Baldursdóttir úr Bríeti fjölluðu um sýn ungra femínista á jafnrétti kynjanna.

Eitt af markmiðum þingsins var að koma jafnréttismálum á dagskrá í pólitískri umræðu í aðdraganda Alþingiskosninga. Tveir fulltrúar frá hverjum stjórn mála flokk, ein kona og einn karl, voru fengin til þess að hafa framsögu um áherslumál viðkomandi flokks hvað varðar kynjajafnrétti og taka þátt í pallborðsumræðum. Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og fyrrverandi alþingiskona, gegndi hlutverki sérfræðings í pallborði. Úr þessu spunnust fjörugar umræður og var ekki annað að heyra en allir flokkar væru sammála um að þörf væri á að jafna hlut kynjanna í íslensku samfélagi.

Þrjár vinnustofur voru á þinginu og var þar fjallað um: Samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, vinnumarkað og samskipti kynjanna.

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í alla stefnumótun.

Helga Jónsdóttir sem starfar í fjármálaráðuneyti og er annar tveggja fulltrúa Íslands í norrænum vinnuhópi um kynjaða fjárhagsáætlanagerð fjallaði um verkefni norræna vinnuhópsins og íslenska fjárlagaumhverfið með tilliti til kynjaðrar fjárhagsáætlanagerðar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður og formaður nefndar um jafnrétti kynja við opinbera stefnumótun sagði frá niðurstöðum nefndarinnar, en hún skilaði skýrslu á haustdögum 2002. Sigríður Elín Þórðardóttir félagsfræðingur á Byggðastofnun flutti erindi sem hún kallaði *Eru hindranir á vegi kvenna í atvinnurekstri?* en þar sagði hún frá niðurstöðum rannsóknar sinnar um konur og atvinnurekstur. Hermann Sæmundsson ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis ræddi um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi ráðuneyta og Sigríður Vilhjálmsdóttir sérfræðingur á Hagstofu Íslands gerði grein fyrir mikilvægi tölfræði sem verkfæris við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Vinnumarkaðurinn – laun, áhrif, jafnréttisstefna sveitarfélaga, byggðapróun.

Gisli Tryggvason, framkvæmdastjóri BHM gerði grein fyrir launamálum kynjanna hjá ríkinu og áhrifum dreifstýrðs launakerfis á kynbundinn launamun. Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatsráðgjafi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti kynhlutlaust starfsmatskerfi sem tekið verður í notkun hjá íslenskum sveitarfélögum á næstunni. Erla Hulda Halldórsdóttir gerði grein fyrir undirbúningi á kvennagagnabanka sem væntanlega mun hafa þau áhrif að

konur með ýmiss konar sérfræðiþekkingu verði sýnilegri á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Marsibil Sæmundsdóttir formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar sagði frá nýrri jafnréttisstefnu borgarinnar sem er mun víðtækari og markvissari en fyrri áætlanir borgarinnar í jafnréttismálum og Kjartan Ólafsson félagsfræðingur á Byggðarannsóknastofnun Íslands kallaði erindi sitt *Kynleg byggðapróun* en í því velti hann vöngum yfir fólksflutningum frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis m.a. með tilliti til menntunar- og atvinnumöguleika.

Samskipti kynjanna – fjölskylduábyrgð, samvinna kynjanna, kynbundið ofbeldi og klámvæðing.

Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu fjallaði annars vegar um helstu verkefni og áherslur karlanefndar Jafnréttisráðs og hins vegar um rannsókn sína á forsjárdómum. Irma Erlingsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum hafði framsögu um femínisma í nýrri hreyfingu og gerði þar grein fyrir nýstofnuðu Feministafélagi Íslands og umræðulistanum *feministinn.is*. Elísabet Þorgeirsdóttir ritstýra Veru fjallaði um kynbundið ofbeldi sem leynist víða í samfélaginu í hinum margbreytilegustu myndum og Guðmundur Oddur prófessor við Listaháskóla Íslands gerði klámvæðingu almenningsrýmisins eins og hún birtist í auglýsingum að umfjöllunarefni út frá sjónarhorni grafíks hönnuðar.

Um 100 manns sóttu þingið og þar á meðal var nokkur fjöldi stjórnenda samfélagsins; ráðherrar, alþingismenn og stjórnendur sveitarfélaga, ásamt gömlu og nýju baráttufólki fyrir jafnrétti kynjanna.

Í kjölfar Alþingiskosninga 2003 – Málþing um lýðræði, kynja og byggðasjónarmið, 23. maí í Háskólanum á Akureyri

Málþingið var haldið á vegum Félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri, í samvinnu við Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð. Valgerður H. Bjarnadóttir fyrrverandi framkvæmdastýra Jafnréttisstofu flutti erindi sem bar heitið *Hvers vegna eiga hlutföll kynja á Alþingi að vera jöfn?* Grétar Þór Eyþórsson framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri hélt erindi með yfirskriftinni, *Er rétt að spila alltaf maður á mann?* Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lögfræðingur í Utanríkisráðuneytinu fjallaði um *Konur, kosningar og kjördæmaskipan*. Sigríður Andersen lögfræðingur varpaði fram spurningunni um *hvort kyn skipti nokkru máli í stjórn málum?* Síðasta erindið flutti Svanfríður Jónasdóttir fyrrverandi alþingiskona. Erindi hennar var um hvort *Byggðasjónarmið væru hindrun á vegi kvenna í stjórn málum?* Una María Óskarsdóttir fyrrverandi starfsmaður nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórn málum flutti inngangserindi í pallborði sem var stýrt af Elínu Hirst, fréttastjóra á fréttastofu Sjónvarpsins. Pallborðið var skipað fulltrúum þeirra stjórn málaflokka sem eiga sæti á Alþingi, karli og konu frá hverjum flokki og bæði fulltrúum frá landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Blaðamannafundur - Opnun heimasíðu verkefnisins Menning, umgjörð og umhyggja

Jafnréttisstofa hélt í mars 2003 blaðamannafund og kynnti Evrópuverkefnið – Menning, umgjörð og umhyggja (nánar er sagt er frá verkefninu á bls. 12). Af þessu tilefni var heimasíða verkefnisins opnuð:

<http://www.jafnretti.is/caring/>

Námskeið

Jafnt er betra

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 segir að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og setja sér jafnréttisáætlanir. Jafnréttisstofa býður sveitarfélögum upp á námskeiðið *Jafnt er betra* þar sem fjallað er um jafnréttisstarf sveitarfélaga. Helstu efnisþættir námskeiðsins eru: Skyldur sveitarfélaga í jafnréttismálum kynjanna, helstu tölulegu staðreyndir um stöðu kynjanna, hugmyndafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisáætlanir. Hlé varð á námskeiðahaldi á árinu 2003 vegna breytinga á starfsemi stofunnar.

Jafnt er meira

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber atvinnurekendum að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Auk þess ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns að gera jafnréttisáætlun. Til þess að koma til móts við fyrirtæki og stofnanir býður Jafnréttisstofa upp á námskeiðið *Jafnt er meira* þar sem fjallað er um jafnréttisstarf fyrirtækja og gerð jafnréttisáætlana. Helstu efnisþættir námskeiðsins eru: Skyldur fyrirtækja og stofnana í jafnréttismálum kynjanna, helstu tölulegu staðreyndir um stöðu kynjanna, hugmyndafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða og jafnréttisáætlanir. Hlé varð á námskeiðahaldi á árinu 2003 vegna breytinga á starfsemi stofunnar.

Námskeið um samþættingu

Í tengslum við Jafnréttisþingið í apríl var haldið námskeið fyrir þá aðila sem starfa daglega að jafnréttismálum, þ.e. ráðgjafar ráðuneyta, sveitarfélaga og stofnana. Unnið var með samþættingaraðferðina og áhersla lögð á kynjaða hagstjórn (Gender budgeting) og það lagalega umhverfi sem unnið er í á Íslandi. Einnig var horft við alþjóðalaga og samanburður gerður milli Íslands og Noregs. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru: Anne Havnør, lögfræðingur og sérfræðingur um kynjaða hagstjórn, Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, og Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu og núverandi framkvæmdastjóri stofunnar. Alls sóttu 20 manns námskeiðið.

Verkefni

Menning, umgjörð og umhyggja

Jafnréttisstofa hafði vorið 2002 forgöngu um að sækja um styrk til samstarfsverkefnis undir jafnréttisáætlun ESB, í sérstöku útboði sem beint var til yfirvalda aðildarlanda EES. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs var þema ársins og var unnið að undirbúningi í sérstöku samráði við Noreg. Verkefnið var samþykkt og Jafnréttisstofa stjórnaði verkefninu sem hafði titilinn *Culture, custom and caring – men's and women's possibilities to parental leave* eða *Menning, umgjörð og umhyggja – möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs*.

Erlendir samstarfsaðilar voru stofnanir í Þýskalandi, Spáni og Noregi. Samstarfsstofnanir á Íslandi voru Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, auk verktaka sem sáu um gerð sjónvarpsmyndar og heimasíðu fyrir verkefnið. Verkefnið kostaði um 25 milljónir króna og styrkur frá Evrópusambandinu greiddi 80% kostnaðar.

Tilgangur verkefnisins var að skoða samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla til að vinna saman að uppeldi barna sinna. Sérstaklega var horft til fæðingar- og foreldraorlofsreglna og nýtingu annars vegar kvenna og hins vegar karla á þeim réttindum sem í hverju landi bjóðast.

Meginhluti verkefnisins var unninn árið 2003. Gerðar voru viðtalsrannsóknir í öllum samstarfslöndum og rannsóknarskýrsla var unnin af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Skýrsluna má finna á heimasíðu verkefnisins - <http://www.jafnretti.is/caring/>. Einnig var unnið að gerð sjónvarpsmyndar um möguleika og aðstæður foreldra í fæðingarorlofi í öllum þáttökulöndunum. Fyrirtækið Samver hf. sá um gerð myndarinnar en handritshöfundur var Margrét Jónasdóttir. Kristín Kjartansdóttir verkefnisstjóri verkefnisins lét af störfum um mitt ár og var Elín Antonsdóttir ráðin í hennar stað.

Konur kveðja, karlar eru um kyrrt

Jafnréttisstofa og Byggðarannsóknastofnun Íslands taka þátt í norrænu samstarfsverkefni *Kvinner reiser, menn blir* eða *Konur kveðja, karlar eru um kyrrt* ásamt stofnunum í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Rannsókuð eru kynbundin áhrif norræna velferðarkerfisins og breytinga á vinnumarkaði á þéttbýli og hinar dreifðu byggðir, brottflutning úr dreifbýli í þéttbýli, auk áhrifa á stöðu, hlutverk og samskipti kvenna og karla á viðkomandi svæðum. Verkefnið beinist að norðursvæðum þ.e. Norrbotten í Svíþjóð, Finnmerkur- og Tromsfylkjum í Noregi, Lapplandi í Finnlandi, öllu Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið nær til árana 2002-2004. Á árinu 2003 fóru fram viðtöl á nokkrum svæðum á Íslandi og greining þeirra hófst. Reiknað er með að lokaskýrsla verði unnin haustið 2004. Ingólfur V. Gíslason vinnur að verkefninu fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði

Jafnréttisstofa tekur þátt í norræna verkefninu *Welfare, masculinity and social innovation* eða *Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði* sem unnið er í samstarfi við kynjafræðinga á Norðurlöndunum, en auk þess tengist verkefnið samevrópskum rannsóknum. Hið flókna samspil félagslegs frumkvæðis í atvinnulífinu og innan fjölskyldna er skoðað auk tengsla þess við breytingar á stöðu kynjanna og hugmynda um karlmennsku. Verkefnið byggir á átta undirransóknum sem unnar eru á Norðurlöndunum fimm og nær verkefnið yfir tímabilið 2002 til 2005. Hérlandis verður sjónum sérstaklega beint að þeim körlum sem nýtt hafa meira en sinn afmarkaða hluta af fæðingarorlofinu. Leitað verður svara við því af hverju þeir geri það, hvort þeir séu einnig frumkvöðlar á öðrum sviðum og hvaða augum þeir líti stöðu sína í breyttu samfélagi. Á árinu 2003 hófust viðtöl og greining þeirra. Mun því ljúka haustið 2004. Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu annast rannsóknirnar hérlandis.

Útgáfa og vefsíða

Ársskýrsla

Ársskýrsla Jafnréttisstofu fyrir árið 2002 ásamt greinargerð kom út á haustdögum. Ársskýrslan var gefin út á rafrænu formi og er aðgengileg á vefsíðunni www.jafnretti.is

www.jafnretti.is

Reglulega eru birtar fréttir og upplýsingar á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

Upplýsingabæklingur

Bæklingur með upplýsingum um verkefni og hlutverk Jafnréttisstofu var gefinn út í apríl 2003. Bæklingurinn var gefinn út bæði á íslensku og ensku.

Kynningar í fjölmiðlum

Áhersla hefur verið lögð á kynningar og auglýsingar í fjölmiðlum þegar við hefur átt. Nokkur fjöldi viðtala við starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi auk þess sem starfsfólk hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna.

Átak gegn verslun með konur - kemur öllum við

Jafnréttisstofa tók þátt í útgáfu sérblaðs sem dreift var með Morgunblaðinu í febrúar 2003. Í blaðinu voru m.a. viðtöl við Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur og Ingólf V. Gíslason, sérfræðinga hjá Jafnréttisstofu. Útgáfa blaðsins var hluti átaki sem jafnréttis- og dómsmálaráðuneyti Norðurlanda og Eystrasaltslanda stóðu saman að gegn verslun með konur.

Vera

Jafnréttisstofa hefur til umráða opnu í hverju blaði af VERU auk auglýsinga. Á árinu 2003 var fjallað um ýmis málefni og greint frá því sem efst var á baugi hjá Jafnréttisstofu hverju sinni.

VR-blaðið 2.tbl. 2003

Í blaðinu birtist grein eftir Ingólf V. Gíslason um feður í fæðingarorlofi.

Fræðslufundir og haldin erindi

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Fulltrúar annarra landa sækja á hverju ári Ísland heim til að læra af reynslu okkar í jafnréttismálum. Jafnréttisstofa tók á móti heimsókn frá Færeyjum, Úkraínu og Bandaríkjunum, meðal annarra.

Af fulltrúum íslenskra stofnana, samtaka og hópa sem sóttu stofuna formlega heim á árinu má sem dæmi nefna samtökin Lifandi landbúnaður, Lionsklúbbinn Ösp, Jafnréttisráð og félagsmálaráðuneytið.

Nokkuð er um að hópar úr skólum eða félögum komi í heimsókn til Jafnréttisstofu til að fræðast um jafnréttismál. Meðal fastra gesta eru nemendur í Menntasmiðjunni, og einnig heimsækja sérfræðingar stofunnar ýmsa skóla og stofnanir á hverju ári.

Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi. Árið 2003 hélt starfsfólk stofunnar m.a. eftirtalin erindi:

- Morgunverðarfundur Félags félagsráðgjafa 6. janúar - Nautn og sársauki: Ingólfur V. Gíslason.
- Hádegisfundur framsóknarkvenna 3. febrúar - Karlar og konur: Ingólfur V. Gíslason.
- Kvöldverðarfundur Zontaklúbbs Reykjavíkur 11. febrúar - Hverjir kaupa kynlíf?: Ingólfur V. Gíslason.
- Erindi hjá Einingu Iðju 4. febrúar - Kynferðisleg áreitni: Kristján Jósteinsson.
- Ráðstefna vegna átaks gegn verslun með konur 28. febrúar - Mansal: Ingólfur V. Gíslason.
- AstraZeneca dagurinn 1. mars - Heilsuhegðun karla: Ingólfur V. Gíslason.
- Málþing vegna alþjóðlegs baráttudags kvenna, haldið 7. mars - Launamunur kynjanna: Ingólfur V. Gíslason.
- Round Table 12. mars - Erindi um jafnréttismál: Kristján Jósteinsson.
- SÍF Opinn fundur 17. mars - Klámvæðing almenningsins: Kristján Jósteinsson og Valgerður H. Bjarnadóttir.
- Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands og Lykilkonur í Lifandi landbúnaði 31. mars - Kynning á hugmynda- og aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða: Katrín Björg Ríkarðsdóttir.

- Rekstrardeild Háskólans á Akureyri 2. apríl - Fyrirlestur um gerð jafnréttisáætlana: Kristján Jósteinsson.
- Jafnréttisþing 7. apríl - Dómar í forsjármálum: Ingólfur V. Gíslason.
- Karlaheilsudagur Lionshreyfingarinnar 8. apríl - Karlakaun: Ingólfur V. Gíslason.
- Fræðslufundur starfsmanna Eimskipafélags Íslands 14. apríl - Glerveggir heimilisins: Ingólfur V. Gíslason.
- Menntasmiðja unga fólksins 14. apríl - Erindi um jafnréttismál: Kristján Jósteinsson.
- 10. bekkur Lundaskóla 22. apríl - Erindi um jafnréttismál: Kristján Jósteinsson og Katrín Björg Ríkarðsdóttir.
- Reykjavíkúakademían 30. apríl - Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði: Ingólfur V. Gíslason.
- Hátíðardagskrá á baráttudegi verkalýðsins á Akureyri 1. maí - Erindi um jafnréttismál: Margrét María Sigurðardóttir.
- Karlakvöld karlahóps Feministafélagsins 16. júní - Karlmennska og her: Ingólfur V. Gíslason.
- Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 3. september - Heilsuhegðun karla: Ingólfur V. Gíslason.
- Trúnaðarmannaráð Einingar Iðju 11. september - Erindi um jafnréttislögin og kynferðislega áreitni á vinnustað: Kristján Jósteinsson.
- Hjúkrunarnemar við Háskólann á Akureyri, 26. september - Kynbundið ofbeldi: Katrín Björg Ríkarðsdóttir.
- Konur í stóru samhengi, staða kvenna í atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, ráðstefna á Egilsstöðum 11. október - Erindi um jafnréttismál: Kristján Jósteinsson.
- Fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur með sendinefnd frá Úkraínu 15. október - Men and gender equality: Ingólfur V. Gíslason.
- Erindi fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands 30. október - Paternity leave in Iceland: Ingólfur V. Gíslason.
- Athafnakonur- Frumkvöðlakonur, ráðstefna á Akureyri 22. nóvember - Erindi um jafnréttismál: Margrét María Sigurðardóttir.

Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra

Á árinu voru ýmsir fundir, námskeið og ráðstefnur á sviði jafnréttismála og málefna kynjanna haldin. Vegna tíma og fjármagnsskorts var aðeins hægt að sækja hluta af því sem til boða stóð. Starfsfólk Jafnréttisstofu sótti m.a. eftirtaldar ráðstefnur, málstofur og opna fundi:

- Átak gegn verslun með konur, ráðstefna haldin 28. febrúar 2003.
- Skuggahliðar nútíma fólksflutninga, málþing á vegum Stígamóta 26. maí
- European Perspective of Gender Mainstreaming – Male and Female Aspects. Málstofa þann 9. september á vegum evrópuverkefnisins Political Education and Learning for Gender Mainstreaming Implementation.
- Konur í stóru samhengi, staða kvenna í atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, ráðstefna á Egilsstöðum 11. október.
- Athafnakonur – Frumkvöðlakonur, ráðstefna á Akureyri 22. nóvember

Ráðstefnur og fundir erlendis

Starfsfólk Jafnréttisstofu á sæti í fjölda nefnda og vinnuhópa erlendis og hefur sótt ráðstefnur, fundi og málþing í því sambandi. Stofunni berast mörg boð um þátttöku í áhugaverðum ráðstefnum og námskeiðum erlendis, en sökum tíma og fjármagnsskorts er aðeins hægt að þiggja brot af þeim boðum. Meðal þeirra erlendu viðburða sem fulltrúar stofunnar sótti á árinu var þriðja kvennaráðstefna Eystrasaltsins um konur, karla og lýðræði.

The Third Baltic Sea Women's Conference on Women and Democracy.

Starfsfólk Jafnréttisstofu var meðal fulltrúa í tuttugu og tveggja manna sendinefnd frá Íslandi sem sótti þriðju kvennaráðstefnu Eystrasaltsins um konur, karla og lýðræði. Ráðstefnan var haldin í Tallinn höfuðborg Eistlands.

Í íslensku sendinefndinni voru femínistar úr Bríeti, kynja- og mannfræðinemar, starfsfólk Jafnréttisstofu, formaður Jafnréttisráðs, forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða, stjórnarkona úr Kvenréttindafélagi Íslands, forstöðumaður tengslasviðs Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, fulltrúar úr jafnréttisnefnd Reykjavíkur, ráðgjafi frá skólaskrifstofu Reykjanesbæjar, fræðslu- og kynningarfulltrúi Stígamóta, jafnréttisfulltrúi og deildarstjóri úr sjávarútvegsráðuneytinu, lögfræðingur úr dómsmálaráðuneytinu og lögfræðingur frá Kvennaráðgjöfinni.

Aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar í Tallinn var félagsmálaráðuneyti Eistlands fyrir hönd Siiri Oviir félagsmálaráðherra. Til aðstoðar var undirbúningsnefnd skipuð fulltrúum frá hverju þátttökulandanna þ.e. Norðurlöndunum, Eystrasaltslöndunum, Hvíta-Rússlandi, Rússlandi, Þýskalandi, Póllandi og Bandaríkjunum auk þess sem Evrópuráðið kom að ráðstefnunni og undirbúningi hennar. Fulltrúi Íslands í undirbúningsnefndinni var Valgerður H. Bjarnadóttir.

Tilgangur ráðstefnunnar var að hvetja til umræðna milli stjórnmalafólks, fræðimanna, opinberra starfsmanna, frjálsra félagasamtaka og annarra sérfræðinga á sviði kynjajafnréttis. Henni var auk þess ætlað að leiða til nánari samvinnu milli þátttakenda og greiða fyrir nýjum og mikilvægum aðgerðum sem eru til þess fallnar að styrkja konur og færa þær í meira mæli inn að miðju mótunar- og þróunarvinnu.

Í Tallinn voru fjögur lykilþemu til umfjöllunar: Konur, völd og ákvarðanatöku; Konur og efnahagslíf; Ofbeldi gegn konum; og Konur og fjölmiðlar. Alls var boðið upp á tólf vinnustofur, þ.e. þrjár undir hverju lykilþema og voru þær starfandi báða dagana. Reynt var að koma því við að íslenska sendinefndin dreifðist á alla vinnuhópa.

Löndin skiptu með sér stjórnun vinnuhópanna og komið hafði í hlut Íslands að stjórna vinnuhópnum um vændi, með aðstoð Rússa. Valgerður H. Bjarnadóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu flutti kynningarerindi fyrir vinnuhópinn og Dís Sigurgeirsdóttir lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var vinnuhópsstjóri. Meðal þeirra sem fluttu erindi í vinnuhópnum voru Rúna Jónsdóttir fræðslu- og kynningarfulltrúi Stígamóta, sem fjallaði um

fjölbjóðlegt verkefni sem Stígamót stýrir og Gísli Hrafn Atlason MA nemi í mannfræði, sem fjallaði um rannsókn sína á körlum sem kaupa kynlíf í Danmörku.

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu var aðstoðar vinnuhópsstjóri þess hóps sem fjallaði um kynjaða hagstjórn. Tinna B. Arnardóttir, fulltrúi Bríeta, flutti erindi í vinnustofunni New Media. Vefslóð ráðstefnunnar er http://www.sm.ee/women/e_index.htm og þar eru aðgengileg flest erindin sem haldin voru.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Regluleg samskipti hafa verið milli Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna ekki síst vegna vinnu við nýja framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Einnig komu jafnréttisfulltrúar að undirbúningi Jafnréttisþings sem haldið var í apríl 2003.

Norrænt samstarf

ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfar embættismannanefnd um jafnréttismál. Valgerður H. Bjarnadóttir var fulltrúi Íslands í nefndinni þar til hún lauk störfum hjá Jafnréttisstofu. Þá tók Ingibjörg Broddadóttir við tímabundið. Í lok árs tók Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, ásamt Margréti Maríu Sigurðardóttur við formennsku í nefndinni fyrir Íslands hönd. Í samstarfsáætlun Norðurlandanna fyrir árin 2001-2005 er áherslan lögð á kynjaða hagstjórn, karla og jafnrétti ásamt aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og eru starfandi vinnuhópar um þessi málefni. Samstarfsáætlunina má nálgast hér: <http://www.norden.org/gender/n-jam-arb/is/samprog.asp?lang=5>

Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna

Norræna ráðherranefndarin heldur úti vefsvæði um jafnrétti kynjanna. Markmið vefsvæðisins er að miðla upplýsingum um hvernig unnið er að því að jafna hlut kynjanna á Norðurlöndum. Því er ætlað að vera upplýsingaveita um aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði og birta hagtölur, lög, lagabreytingar, nýjungar, greinargerðir, verkefni og skoðanir. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu sat í ritstjórn vefsvæðisins árið 2003. Vefsvæðið má finna á slóðinni: <http://gender.norden.org>

Nefnd um karla og jafnréttismál

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um jafnrétti er starfandi vinnuhópur sem einbeinir sér að þeim þætti samnorrænu jafnréttisáætlunarinnar sem snýr að körlum. Nefndin fundaði tvisvar á árinu og ákvað annars vegar að

standa fyrir útgáfu á bók um kynjamótun í leik- og grunnskólum og hins vegar að haldnar yrðu á næstu árum ráðstefnur í hverju hinna norrænu landa sem beindust að afmörkuðum þáttum verkefnisins. Á Íslandi verður fjallað um karla í “kvennastörfum” og kynjaskiptan vinnumarkað. Ingólfur V. Gíslason hefur setið í þessari nefnd af Íslands hálfu.

Jafnlaunanevnd

Árið 2000 ákváðu samvinnuráðherrar Norðurlanda að taka frumkvæði að því að halda áfram fyrri vinnu að því að jafna laun karla og kvenna á Norðurlöndum. Þeim var ljóst að nauðsynlegt væri að koma á fót samvinnu milli þeirra sem tengjast vinnumarkaðnum og hinna sem vinna að jafnréttismálum. Þess vegna var settur á fót vinnuhópur þar sem bæði sviðin áttu fulltrúa nema hvað Ísland lét nægja að hafa einn fulltrúa. Samkvæmt umboði hópsins átti hann að leggja fram yfirlit yfir stöðuna á Norðurlöndum hvað varðar laun kynjanna og leggja fram tillögu að samvinnuverkefni sem beindist að því að gera hugmyndina um jöfn laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf að raunveruleika. Hópurinn var settur á laggirnar í byrjun árs 2002. Kristján Jósteynsson var fulltrúi Íslands í hópnun framán af en síðan tók Ingólfur V. Gíslason við. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum á árinu. Þær þóttu hins vegar of umfangsmiklar og dýrar og fékk hópurinn því það verkefni að skera niður og leggja fram aðrar hugmyndir. Standa vonir til að verkefninu ljúki árið 2005.

Nefnd um kynjaða hagstjórn

Fulltrúar frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sitja í nefnd um kynjaða hagstjórn (sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagavinnu). Margrét María Sigurðardóttir var fulltrúi íslenskra jafnréttisyfirvalda í hópnun árið 2003. Verkefni hópsins er að skoða dreifingu á fjármagni með hliðsjón af kynferði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála en hingað til hefur lítið verið vitað hvernig fjármagnið dreifist með tilliti til kynja.

NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum

Kristján Jósteynsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu er varamaður í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum. Aðalmaður í stjórn er Dagný Kristjánsdóttir frá Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um NIKK má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.nikk.uio.no/>

Umboðsmenn jafnréttis

Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur á Jafnréttisstofu sótti fund norræna umboðsmanna jafnréttismála sem haldinn var í Finnlandi haustið 2003. Fundirnir eru samráðsvettvangur lögfræðinga þar sem farið er yfir lögfræðileg álitamál sem komið hafa upp á Norðurlöndunum hvað varðar jafnrétti.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna

Nefnd um jafnréttismál

Samkvæmt samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltslanda, sem nær til áraanna 2001-2003, er starfandi nefnd um jafnréttismál. Meginmarkmið hennar er að styrkja og stuðla að samstarfi þeirra opinberu stofnana sem fara með jafnréttismál á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Valgerður H. Bjarnadóttir átti sæti í nefndinni árið 2003. Nánari upplýsingar um nefndina má finna á eftirfarandi slóð:

http://www.norden.org/gender/internationellt/uk/cooperation_programme.pdf

Samstarf gegn verslun með konur

Jafnréttis- og dómsmálaráðuneyti Norðurlanda og Eystrasaltslanda stóðu á árinu saman að samstarfsverkefni gegn verslun með konur. Heimasíða átaksins er:

<http://www.nordicbalticcampaign.org>

Á Íslandi stofnuðu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra undirbúningshóp sem hafði það hlutverk að skipuleggja átakið hérlendis. Í honum sátu fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, Útlendingaeftirliti, Vinnumálastofnun, Ríkislögreglustjóra, Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Alþýðusambandi Íslands, Neyðarmóttökunni á Landspítalanum, Kvinnaráðgjöfinni, Rauða krossi Íslands, Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Jafnréttisstofu, félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Verkefnisstjórar voru Dís Sigurgeirsdóttir lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu og Ásta Sigrún Helgadóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Íslenska átakið fólst í því að haldin var ráðstefna 28. febrúar og gefið út sérblað um málefnið sem dreift var með Morgunblaðinu. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu var fulltrúi jafnréttisyfirvalda á Íslandi í vinnuhópi Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna og sat í innlenda undirbúningshópnum.

Evrópskt samstarf

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins

Á vegum Evrópuráðsins er starfandi stjórnarnefnd um jafnréttismál, CDEG, og er Kristján Jósteynsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu fulltrúi Íslands í nefndinni. Nánari upplýsingar um nefndina má finn á eftirfarandi slóð:

<http://humanrights.coe.int/equality/Eng/EqualityCommittee/EqualityCommittee.htm>

Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál mótar stefnu sambandsins í þessum málaflokki og gerir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna. Valgerður H. Bjarnadóttir var varamaður í ráðgjafarnefndinni árið 2003. Aðalmaður í nefndinni var Guðrún A. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá félagsmálaráðuneytinu.

Framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál

Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál starfar eftir framkvæmdaáætlun ráðgjafarnefndar ESB um jafnréttismál. Valgerður H. Bjarnadóttir sat í nefndinni árið 2003 sem fulltrúi íslenskra jafnréttisyfirvalda. Nefndin veitir árlega styrki til jafnréttisverkefna. Meðal verkefna sem hlotið hafa styrk úr áætluninni er verkefnið *Menning, umgjörð og umhyggja* sem sagt er frá annars staðar í ársskýrslunni. Nánari upplýsingar um framkvæmdanefndna er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm

EFTA samráðshópur um jafnréttismál

Samráðshópur EFTA um jafnréttismál fjallar um tillögur Evrópusambandsins að tilskipunum og leiðbeinandi reglum á sviði jafnréttismála eða mála sem snerta konur sérstaklega. Valgerður H. Bjarnadóttir átti sæti í samráðshópnum árið 2003.

Daphne verkefnaáætlun ESB

Árlega eru veittir styrkir úr Daphne verkefnaáætlun Evrópusambandsins til verkefna sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi á börnum, ungmennum og konum (Programme of Community Action on Preventive Measures to fight Violence against Children, Young People and Women). Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa hafa umsjón með áætluninni hér á landi. Katrín Björg Ríkarðsdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu átti sæti í verkefnisnefnd Daphne árið 2003. Stígamót og Samtök um kvennaathvarf hafa tekið þátt í verkefnum á vegum Daphne áætlunarinnar. Nánari upplýsingar um áætlunina er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/justice_home/funding/daphne/funding_daphne_en.htm

Jafnréttisráð

Nýtt Jafnréttisráð var skipað í kjölfar Alþingiskosninga árið 2003. Elín R. Lindal lét af störfum sem formaður ráðsins og Fanný Gunnarsdóttir tók við. Í ráðinu eiga eftirtaldir sæti:

Fanný Gunnarsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, formaður
Guðni Elísson, tilnefndur af Háskóla Íslands
Gústaf Adolf Skúlason, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
Ísleifur Tómasson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands
Kristín Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þorbjörg Inga Jónsdóttir, tilnefnd af Kvennréttindafélagi Íslands
Þorveig Þórmóðsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
Þórhallur Vilhjálmsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, varaformaður

Gott samstarf var milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þrátt fyrir að engin formleg tengsl séu milli þessara stofnanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi ráðsins og stofunnar leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð sem samsvarar hálfu starfi. Árskýrslu Jafnréttisráðs má finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.jafnretti.is/jafnrettisrad/arsskyrsla2003jrrad.pdf>

Kærunefnd jafnréttismála

Engin formleg tengsl eru milli Jafnréttisstofu og Kærunefndar Jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið við að útbúa kærur til kærunefndar. Stofan heldur einnig utan um málalyktir og fylgir málum eftir óski kærandi þess.